**76. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 25. september 2017 kl. 16.30**

Fundinn sátu:
Kristjana Helga Ólafsdóttir formaður
Hörður Helgason varaformaður
Kristján Sveinsson
Margrét Magnúsdóttir
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna
Hallveig Skúladóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) **Vistunarmál**
Samþykkt vistun fyrir einn einstakling, sjá trúnaðarbók.

2) **Viðburðaryfirlit**
Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir tímabilið 21. ágúst til 24. september 2017.

3) **Rekstraryfirlit Höfða 1. janúar til 31. júlí 2017**
Lagt fram.

4) **Úttekt á mötuneyti**
Lögð fram skýrsla Rannsóknarþjónustunnar Sýni ehf. um úttekt á matseðli og eldhúsi Höfða.

5) **Bréf SFV dags. 19. september 2017**
Fundarboð stjórnar SFV á upplýsingafund um A-deild Brúar lífeyrissjóðs og kjaramál hjúkrunarheimila.
Lagt fram.

6) **Bifreiðamál**
Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um bifreiðamál Höfða og lagði til að keypt verði ný bifreið í stað eldri bifreiðar.
Stjórn Höfða samþykkir að fela framkvæmdastjóra að kaupa nýja bifreið í samræmi við framlagt minnisblað. Fjármögnun vísað í viðauka við fjárhagsáætlun 2017.

7) **Bréf velferðarráðuneytis dags. 18. september 2017**
Tilkynning um framlengingu fjögurra tímabundinna hjúkrunarrýma á Höfða til 31.12.2017.
Rýmin eru sérstaklega ætluð einstaklingum sem eru með færni- og heilsumat og bíða á Landspítalanum eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými.
Lagt fram.

8) **Samkomulag um innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar**
Lagt fram samkomulag milli SFV og aðildarfélaga um sameiginlega vinnu við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar í starfsemi aðildarfélaga. Samkomulagið felur m.a. í sér að ráða sameiginlegan starfsmann til að leiða innleiðinguna.
Stjórn Höfða samþykkir þátttöku Höfða í verkefninu og felur framkvæmdastjóra að undirrita samkomulagið.

9) **Önnur mál**

a) **Bréf árshátíðarnefndar dags. 25. september 2017**
Stjórn Höfða samþykkir styrk vegna árshátíðar Höfða að fjárhæð 450.000 kr. Fjárhæðinni verði ráðstafað af liðnum „1975 starfsmannafagnaðir".

b) **40 ára afmæli Höfða 2018**
Ákveðið er að skipa afmælisnefnd sem fær það verkefni að skipuleggja hátíðarhöld í tilefni af 40 ára afmæli Höfða. Í nefndinni verða Hallveig Skúladóttir, Hörður Helgason og Sigurlín Gunnarsdóttir.

c) **Íbúaþing um farsæl efri ár á Akranesi**
Framkvæmdastjóri sagði frá fyrirhuguðu íbúaþingi um farsæl efri ár á Akranesi sem haldið verður þann 27. september nk.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17.45